

SAMÞYKKT FRÆÐSLURÁÐS UM STARFSEMI OG REKSTUR FRÍSTUNDAHEIMILA Í HAFNARFIRÐI


Skipulag starfsins

1. Starfrækja skal frístundaheimili fyrir börn í 1.-4. bekk við alla grunnskóla auk þess skal reka sérhæfð frístundaheimili fyrir börn og ungmenni 10-20 ára með fötlun. Starfsemin fer fram eftir að skóla lýkur um kl. 13:00 til 16:30. Starfsemi frístundaheimila skal miðast við samþykktir, lög og reglugerðir, gildandi starfsskrá um frístundaheimili, starfsmannahandbók og vera samþætt eins og kostur er við verklag viðkomandi grunnskóla.
2. Fagleg yfirstjórn frístundaheimila skal vera á höndum íþrótt- og tómstundafulltrúa, sem starfar undir stjórn sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs. Skólastjóri sér um rekstur frístundaheimilanna í hverjum skóla og ber ábyrgð á starfsemi þeirra. Forstöðumaður sér um rekstur og ábyrgð frístundastarfs fyrir 10-20 ára börn og ungmenni.
3. Heimilt er að stofna eða færa umsjón með daglegum rekstri frístundaheimilis á hendur:
 - Íþróttafélaga innan ÍBH
 - Viðurkenndra félagasamtaka

Gerður verður í þessum tilfellum sérstakur þjónustusamningur, þ.e. ef íþróttafélög sem starfa innan ÍBH eða viðurkenndra félagasamtaka í Hafnarfirði taka að sér að sjá um rekstur á frístundaheimili. Samningurinn verður hverju sinni lagður fyrir fræðsluráð til samþykktar.

Þjónusta og starfsemi

4. Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur, þar sem umgjörðin er fagleg og áhersla lögð á uppbyggileg verkefni. Starfsemin skal styðja við skólastarf, skipulagðar æfingar íþróttafélaga, tónlistarnám og annað tómstundastarf og styrkja félagslega stöðu barna með uppbyggilegri fræðslu og fjölbreyttu tómstundastarfi þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi.
5. Gildi og markmið frístundaheimila koma fram í starfsskrá frístundaheimila.
6. Frístundaheimili taka á móti börnum eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur um kl. 13. Á frídögum skóla í jólafríi, páskafríi og á starfsdögum kennara og foreldradögum stendur þjónusta frístundaheimilis til boða fyrir þau börn sem eru þegar skráð í frístundaheimilið fyrir utan hefðbundinn opnunartíma. Frístundaheimilin eru lokuð á skólasetningardegi, í vetrarfríum og alla rauða almanaksdaga. Á hverju skólaári hefur frístundaheimili heimild til að halda tvo starfsdaga fyrir starfsmenn.
7. Deildarstjóri á hverjum stað skal hafa háskólamenntun á sviði uppeldis og/eða frítíma. Leitast skal við að ráða inn aðra starfsmenn sem hafa menntun eða reynslu sem nýtist í starfi. Starfsmenn skulu hafa náð 18 ára aldri. Stefnt skal að því að á hverjum starfsstað, þar sem börn með sérþarfir dveljast, sé minnst einn stuðningsfulltrúi með fagmenntun.
8. Skóla- og frístundaliði í frístundaheimili grunnskóla skal hafa umsjón með 12-15 börnum að jafnaði.
9. Þjónusta barna í grunnskóla með sérþarfir er metin af kennslufulltrúa á vegum mennta- og lýðheilsusviðs í samvinnu við fagstjóra frístundastarfs, deildarstjóra frístundaheimila, foreldra og viðeigandi samstarfsaðila hverju sinni.



HAFNARFJÖRÐUR

10. Í frístundaþjónustu fyrir börn og ungmenni með fatlanir skal þjónusta taka mið af metnum stuðningsþörfum og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi, (sbr. lög nr. 38/2018).

Húsnæði og samstarf

11. Frístundaheimili grunnskóla skulu alla jafna vera staðsett í skólstofnunum bæjarins eftir nánara samkomulagi. Húsnæði frístundaheimilis skal vera hentugt og eins samliggjandi og hægt er til að auðvelda umsjón og yfirsýn starfsmanna. Umhverfis- og skipulagssvið tryggir að húsnæði sé í samræmi við rýmisþarfir. Stefnt er að því að aðstaða skuli vera:
 - Sérými, 60 m² hjarta skilgreint í hverri stofnun
 - Aðgangur að 4 m² sameiginlegu vinnusvæði á barn
 - Aðgangur að bókasafni grunnskóla og aðstöðu til lesturs í tengslum við læsisátak grunnskóla
 - Sérými fyrir 3. og 4. bekk
 - Aðgangur að kennslurými og sérgreinastofum eftir að skipulögðu skólastarfi lýkur
 - Aðgangur að íþróttahúsum grunnskóla eftir að kennslu lýkur
12. Þegar aðstaða fyrir frístundaheimili er ekki fullnægjandi innan skóla, s.s. vegna þess að ekki er fullnægjandi rými fyrir starfsemina, skal Umhverfis- og skipulagssvið í samvinnu við mennta- og lýðheilsusvið útvega annað húsnæði fyrir frístundaheimilið í samræmi við rýmisþarfir.
13. Skóladagatal stjórnar opnunartíma frístundaheimilis. Á skóladagatali koma fram allir frídagar þegar frístundaheimilið er lokað og óhefðbundnir skóladagar þegar frístundaheimilið er opið lengur.
14. Deildarstjóri frístundaheimilis grunnskóla skal sitja í Brúarteymi skólans og nemendaverndarráðsfundi þegar skólastjóri kallar viðkomandi inn á fundi eða teymisfundi vegna sérstakra mála tengdum börnum sem eru í frístundaheimilinu. Deildarstjóri frístundaheimilis skal sitja skilafundi leikskóla sé þess þörf.
15. Frístundaheimilin skulu leita eftir samstarfi við þau íþrótt- og tómsundafélög sem sinna tómsundum barna í hverfinu, með það að markmiði að börnin geti stundað eða sótt þær innan tímaramma frístundaheimilanna og fylgja börnum á skipulagðar æfingar þegar færi gefst. Kynning á skipulögðu íþróttastarfi verði markviss og hluti af starfsskrá frístundaheimila.
16. Stefnt skal að samþættum vinnudegi í skólum og frístundaheimilum þannig að skólastarf, hvíld, tómsundur, íþróttir, tónlist og frístund myndi samfelldan vinnudag hjá börnum og ungmennum. Frístundastarf komi inn í samfelldan skóladag fremur en að vera í lok vinnudags. Mennta- og lýðheilsusvið vinnur að þessu markmiði í samvinnu við stjórnendur skóla og frístundaheimila.
17. Í frístundaheimilum skal vera vettvangur fyrir barnalýðræði og frístundalæsi.

Gjaldskrá, umsóknir og breytingar

18. Skráning í frístundaheimili fer fram í gegnum skráningarkerfið Vala frístund <https://fristund.vala.is/umsokn/#/login>. Skráning fyrir komandi skólaár skal hefjast sem fyrst á hverju ári. Staðfesting á innritun berst til foreldra í síðasta lagi í ágúst séu allar stöður mannaðar. Allar breytingar á skráningum skal tilkynna til deildarstjóra frístundaheimilis. Umsókn gildir eitt skólaár í senn (ágúst-júní). Ef þjónusta er sagt upp, eða óskað er eftir breytingum, skal það gert fyrir 15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi um næstu



HAFNARFJÖRÐUR

mánaðarmót. Börn sem þurfa stuðning og nemendur sem eru að hefja skólagöngu í 1. bekk ganga fyrir.

19. Forgangur barna starfsmanns og afsláttur af gjöldum. Starfsmenn í frístundaheimilum fá afslátt af vistunargjöldum barna sinna ef þau eru í frístund innan Hafnarfjarðar. Afsláttur er veittur af vistunargjöldum en ekki af síðdegishressingu. Afslátturinn er 75% og þarf starfsmaður að vera í 40% vinnu hjá frístundaheimili til að fá afslátt.
20. Á skipulagsdögum skóla gefst öllum börnum og ungmennum í frístundþjónustu tækifæri á að vera í frístundaheimilum. Foreldrar þurfa að sækja um þessa vistun sem auglýst er í hverjum skóla.
21. Gjald fyrir vistun í frístundaheimili pr. dag er háð [gjaldskrá](#) hverju sinni sem bæjarstjórn samþykkir og auglýsir á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar. Grunngjaldið er fastagjald fyrir vistun virka skóladaga eftir að skóla lýkur og eftir hádegi á frídögum skólans. Gjaldið lækkar ekki þrátt fyrir skerta daga eða ef börn nýta ekki þjónustuna s.s. vegna orlofs eða veikinda. Greitt er sérstaklega fyrir umfrámþjónustu fyrir lengri viðveru á morgnanna á frídögum skóla eins og í jólafríi og dymbilvikum, sjá gjaldskrá. Ef þjónusta er nýtt frá kl. 8:00-13:40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það sérstaklega. Gjald vegna síðdegishressingar er innifalið í gjaldinu.
22. Í gjaldskrá koma fram upplýsingar um systkinaafslátt sem er veittur vegna barna sem eru samtímis í frístundaheimilum, leikskólum eða hjá dagforeldrum. Upplýsingar um gjaldskrá og afslætti eru á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.
23. Gjald fyrir vistun í frístundaheimili er innheimt eftir á með greiðsluseðli. Gjald dagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum eftir gjalddaga. Fimm dögum síðar er send út innheimtuviðvörðun með innheimtukostnaði og 15 dögum síðar er ógreidd krafa send þeim aðila sem sér um innheimtu fyrir Hafnarfjarðarbæ með tilheyrandi kostnaði. Gjald fyrir vistun í ágúst innheimtist með september.
24. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra, hafi þrjár mánaðargreiðslur ekki borist, skv. verklagsreglum. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna séu foreldrar þeirra í vanskilum vegna leikskóla- og frístundaheimilsgjalda. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns.
25. Vegna faliðunar starfsmanna hefur frístundaheimili heimild til að senda börn heim samkvæmt verklagsreglum. Tryggja skal að viðbrögð við faliðun séu höfð með öryggi barna að leiðarljósi. Komi til þess að það þurfi að senda börn heim vegna faliðunar er lögð áhersla á að jafnræðis sé gætt.

Sumarstarf

26. Við skólalok á sumrin breytast frístundaheimilin í sumarfrístund fyrir börnin í hverfinu. Sumarfrístund nýtir húsnæði frístundaheimila eða annað hentugt húsnæði skólans. Í ágúst mánuði stendur frístundaheimilið fyrir leikjanámskeiði fyrir nemendur sem eru að hefja nám í fyrsta bekk. Heimild til notkunar á skólahúsnæði er unnin á hverju vori í samráði skóla, frístundaheimilis og Umhverfis- og skipulagssviðs.
27. Ef hætta á við þátttöku eftir að skráning átti sér stað í námskeiði þarf að tilkynna það skriflega til viðkomandi frístundamiðstöðvar að minnsta kosti viku áður en námskeið/smiðja hefst (t.d. fyrir miðnætti á sunnudegi þegar námskeið/smiðja hefst á mánudegi viku seinna). Ella verður námskeiðsgjald innheimt að fullu.
28. Veittur er 50% afsláttur af verði sumarnámskeiðs ef systkini sækja sama námskeið.



HAFNARFJÖRÐUR

Samþykkt í fræðsluráði 9. september 2015, með breytingum 26. ágúst 2020, 30. apríl 2024 og þann 18. september 2024.